

Sp.

601. Fyrirspurn

[297. mál]

til sjávarútvegsráðherra um fiskimjölsverksmiðjur.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Hefur verið athuguð hagkvæmni þess að nota jarðhita í stað olíu í fiskimjölsverksmiðjur hér á landi? Ef svo er, gefa þær niðurstöður tilefni til að hafist verði handa um að breyta núverandi verksmiðjum eða setja nýjar á stofn?
2. Hvað hyggst Fiskveiðasjóður gera við fiskimjölsverksmiðju Stranda hf. sem sjóðurinn keypti á nauðungaruppboði fyrri hluta árs 1987?